

Akureyrarbær
Anna Bragadóttir,
fulltrúi skipulagsmála
Geislagötu 9
600 Akureyri

Umhverfisstofnun	
Áb. _____	
11 MARS 2009 54.22	
Tilv. _____	



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 10. mars 2009
Tilvísun: UST20090100088/áb

Smábátahöfn á Leirunni -breyting á aðalskipulagi Akureyrar

Vísað er til erindis Akureyrarbæjar, dagsett þann 8. september 2008, um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2008-2018, þar sem skilgreint er á skipulagsupphætti breytingu um smábátahöfn á Leirunni.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir:

Umtalsvert magn af efni verður notað í landfyllingu við gerð smábátahafnarinnar á Leirunni. Umhverfisstofnun bendir á að hugsanlega getur orðið rykmengun vegna foks efnis á framkvæmdartíma. Að mati Umhverfisstofnunar ber að beita viðeigandi aðferðum til að binda rykið.

Umhverfisstofnun bendir á að hvergi komi fram í drögum að deiliskipulagi fyrir svæðið hvernig geymslu og förgun olíu verði háttáð á svæðinu, en gera má ráð fyrir að smábátahöfnin kalla á geymslu og dælingu eldsneytis. Ef bátastæðið verður notað fyrir viðhaldsvinnu á bátum þarf einnig að gera ráð fyrir aðstöðu til geymslu á spilliefnum, samkvæmt reglugerð nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

Virðingarfyllst

Asgeir Björnsson
sérfræðingur

Helgi Jónsson
ráðgjafi

Afrit/Samrit sent:

Afrit/Samrit sent: